

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 128/2005**

**frá 30. september 2005**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2005 frá 24. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagrænar landbúnaðarskýrslur í Bandalaginu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 24c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 0306**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2005 frá 24. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 9).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 306/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nikulás prins af Liechtenstein*

formaður.